

## **26. Frumvarp**

til laga um laun embættismanna.

(Lagt fyrir Alþingi 1919.)

### **I. Almenn ákvæði.**

#### **1. gr.**

Embættismaður, sem lagt er ókeypis húsnæði, skal um viðhald íbúðar sinnar sæta sömu kjörum sem leigjendur alment.  
Sje embættismanni fengin embættisjörð eða ábyli til afnota, skal hann

greiða alla opinbera skatta, sem á býlinu hvíla, en um meðferð og skil á ábýlinu fer eftir ábúðarlögum.

2. gr.

Embättismenn skulu skyldir að láta sjer lynda breytingar þær og aukningu á embättisstörfunum, sem síðar kann að verða mælt fyrir um, þótt eigi sje neitt um það áskilið í veitingarbrjefum þeirra.

3. gr.

Hafi sami maður tvö embätti á hendi, hvort með ákveðnum launum, þá skal hann missa svo mikils af laununum samanlögðum, að svari helmingi minni launanna, eða, ef launin eru jafnhá,  $\frac{1}{4}$  af þeim samanlögðum.

4. gr.

Hver embättismaður er skyldur að gegna um stundarsakir endurgjaldslaust störfum æðra embättis en sjálfs hans, í sömu stjórnargrein.

Sje embättismaður settur í annað embätti og verði af þeirri sök að láta af að gegna sínu eigin embätti, má veita honum öll launin, sem embättinu fylgja, auk endurgjalds fyrir ferðakostnað, en þá verður hann að láta af hendi laun þau, er fylgja hans embätti sjálfs. Gegni hann báðum embättunum í einu, skal, auk launa þeirra, er fylgja embätti hans sjálfs, veita honum þóknun, sem þó ekki má fara fram úr helmingi af launum þess embättis, er hann er settur í.

Nú er maður, sem ekki er í embätti, settur í embätti, og nýtur hann þá launa þeirra allra, er því embätti fylgja. Þó skal sá, sem biðlaun hefir eða eftirlaun, missa jafnmikið í og þeim nemur.

5. gr.

Allir þeir embättismenn, sem árlega taka fje úr landssjóði til endurgjalds embättiskostnaði, eru skyldir að senda stjórnarráðinu nægilega sundurliðaða skýrslu um kostnað þennan við lok hvers almanaksárs.

6. gr.

Nú flyzt embättismaður úr embätti í lægra launaflokki í embätti í hærra launaflokki í sömu stjórnargrein, og skal hann taka laun á því launastigi í hinum nýja launaflokki, sem jafnhátt er eða næst fyrir ofan þá launaupphæð, sem hann hafði náð í hinum lægra launaflokki.

7. gr.

Landsstjórnin hlutast til um, að embättasameiningar, sem gjört er ráð fyrir í lögum þessum, komist á jafnóðum og embättin losna.

8. gr.

Laun samkvæmt lögum þessum skulu allir embättismenn taka, þeir er veitingu fá fyrir embätti frá því lögin öðlast gildi. Þeir embättismenn, sem þá sitja í embätti, skulu eiga kost á, að taka laun eftir þessum lögum, eða sitja við sömu laun og áður, en segja skulu þeir til á ársfresti frá því, er

lögin koma i gildi, hvorn kostinn þeir taka. Kjósi þeir að taka laun eftir þessum lögum, er þeim skylt að hlita þeirri skipun, er sett kann að verða með lögum um geymdan lífeyri embættismanna og styrktrygging handa ekkjum þeirra.

Nú kys embættismaður, er eftirlaunarjett á eftir eldri lögum, að taka laun eftir þessum lögum, og heldur hann þá eftirlaunarjettinum, en ekki nær sá rjettur til viðbótar þeirrar, er embættismaður þessi kann að njóta eftir þessum lögum. Engu síður skal hann greiða lögmælt gjald i tryggingar- eða lífeyrissjóð embættismanna, ef stofnaður verður. Ef eftirlaun þau, er embættismaður þessi nýtur, er til kemur að ákvæða þau, nema ekki svo miklu, sem hann ætti að fá eftir ákvæðum áminsts tryggingarsjóðs, svo framarlega sem hann hefði lagt i hann frá byrjun embættisferils síns, þá skal honum greidd svo mikil viðbót úr sjóðnum, að eftirlaunin með viðbótinni nemi jafnmiklu, sem greiðast ætti eftir reglum sjóðsins. Þó má viðbót sú, er greidd er úr sjóðnum, eigi vera meiri en samsvarar iðgjöldum þeim, er hann hefir greitt til sjóðsins. Hafi embættismaður, sem svo er ástatt um, sem segir i þessari málsgrein, trygt ekkju sinni líffje, þarf hann ekki að kaupa nýja líftrygging, og eftirlaunarjettur ekkjunnar helst hinn sami sem áður, en launaviðbót, sem hann fær eftir þessum lögum, telst ekki til hækkunar hvorki á líffje nje eftirlaunum ekkju.

Telja skal laun þeirra embættismanna, er laun taka samkvæmt lögum þessum, svo sem lögin hefðu verið i gildi, er þeir fyrst fengu veitingu fyrir embættinu, eða samkynja embætti, en samkynja eru hjer talin þau embætti i sömu stjórnargrein, er jöfn laun eru lögð i lögum þessum, svo og sýslumanna- og bæjarfógetaembætti.

## II. Launaákvæði.

### 9. gr.

Skrifstofustjórar i stjórnarráðinu hafa og hagstofustjórinn að byrjunarlaunum 5000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár i þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp i 6000 kr.

Fulltrúar i stjórnarráðinu, aðstoðarmaður á hagstofunni og ríkisfjehirðir hafa að byrjunarlaunum 3000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár i þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp i 4000 kr. Auk launnanna hefir ríkisfjehirðir  $\frac{1}{5}\%$  af öllum greiddum peningum og bankaseðlum i rikissjóð eða úr, alt að 500 kr. um árið.

Aðstoðarmenn i stjórnarráðinu hafa að byrjunarlaunum 2000 kr. á ári, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. upp i 3000 kr.

Skrifarar i stjórnarráðinu hafa að byrjunarlaunum 1600 kr. á ári, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. upp i 2400 kr.

Dyravörðurinn i stjórnarráðinu hefir, auk ókeypis húsnæðis, hita og ljóss, 1500 kr. árslaun.

### 10. gr.

Háyfirdómarinn i landsyfirrjettinum hefir að byrjunarlaunum 6000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3 og 6 ár um 500 kr. i hvort skifti upp i 7000 kr.

Yfirdómarar í sama rjetti hafa að byrjunarlaunum 5000 kr., en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 6000 kr.

#### 11. gr.

Bæjarfógeti og lögreglustjóri í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 5000 kr., en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 6000 kr.

Sýslumennirnir í Ísafjarðarsýslu og Norðurmúlasýslu, sem einnig eru bæjarfógetar í viðkomandi kaupstöðum, og sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu, hafa að byrjunarlaunum 4600 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5600 kr.

Sýslumaðurinn í Árnessýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Dala- og Strandasýslu, Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Þingeyjarsýslu og Suðurmúlasýslu hafa að byrjunarlaunum 4200 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. á ári upp í 5200 kr.

Sýslumennirnir í Skaftafellssýslu, Rangárvallasýslu, Vestmannaeyja-sýslu og Barðastrandarsýslu, hafa að byrjunarlaunum 3800 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 4800 kr.

Kostnaðurinn við starfrækslu embætta þeirra, er um ræðir í þessari grein hjer að framan, greiðist sjerstaklega úr rikissjóði og ákveður dómsmálaráðherra fyrirfram fyrir hver 5 ár í senn hve mikill kostnaður þessi skuli vera í hverju lögsagnarumdæmi fyrir sig.

Allar aukatekjur, sem þessir embættismenn hafa notið hingað til, falla til landssjóðs.

Lögreglustjórinn á Siglufirði tekur laun samkvæmt lögum nr. 30, 22. nóv. 1918.

#### 12. gr.

Landlæknir hefir að byrjunarlaunum 5000 kr., en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 6000 kr. Ennfremur hefir landlæknir 1000 kr. í ritfje.

Hjeraðslæknirinn í Reykjavík, sem einnig er læknir og forstöðumaður holdsveikrahælisins, hefir að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. upp í 5000 kr.

Allir aðrir hjeraðslæknar hafa að árslaunum 1800 kr.

Um borgun fyrir störf hjeraðslækna og ferðir þeirra fer eftir gjaldskrá, er ráðherra semur, með ráði landlæknis.

#### 13. gr.

Heilsuhælislæknirinn á Víflsstöðum og geðveikralæknirinn á Kleppi hafa að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en launin hækka eftir 4 og 8 ár um 500 kr. í hvort sinn upp í 5000 kr. Auk hjertaldra launa njóta þeir ókeypis húsnæðis, ljóss og hita.

Sömu laun hefir holdsveikralæknirinn meðan sú skipun helst um forstöðu holdsveikrahælisins sem nú er.

14. gr.

Dýralæknar hafa að árslaunum 1800 kr.

15. gr.

Póstmeistari hefir að byrjunarlaunum 5000 kr., en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár um 500 kr. í hvert sinn upp í 6500 kr.

Aðstoðarpóstmeistari í Reykjavík hefir að byrjunarlaunum 3500 kr., en launin hækka eftir 3, 6, 9 ár um 300 kr. í hvert sinn upp í 4400 kr.

Póstfulltrúar í Reykjavík og póstafgreiðslumenn á Ísafirði og Akureyri hafa að byrjunarlaunum 3000 kr. á ári, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. á ári upp í 4000 kr.

Póstafgreiðslumenn í Reykjavík og á Seyðisfirði hafa að byrjunarlaunum 2000 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 3000 kr.

Póstaðstoðarmenn í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 1200 kr. á ári, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. upp í 2000 kr.

16. gr.

Landsimastjóri hefir að byrjunarlaunum 5000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár um 500 kr. í hvert sinn upp í 6500 kr.

Simaverkfræðingur og stöðvarstjóri í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 3500 kr. á ári, en eftir 3, 6 og 9 ár hækka launin um 300 kr. í hvert sinn upp í 4400 kr.

Loftskeytastjóri, fulltrúi á aðalsímaskrifstofunni í Reykjavík og stöðvarstjórarnir á Ísafirði, Borðeyri og Akureyri hafa að byrjunarlaunum 2600 kr. á ári, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. upp í 3600 kr.

Simaritarar fyrsta flokks og skrifarar fyrsta flokks hafa að byrjunarlaunum 1800 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 2800 kr.

2. flokks simritarar hafa að byrjunarlaunum 1200 kr., en launin hækka eftir 3 ár um 200 kr., upp í 1400 kr.

Varðstjórar við skeytaafgreiðsluna, og við langlinumiðstöðvar, kven-símritarar á stöðvum, þar sem ritsíma- og talsímaafgreiðsla er ekki sameiginleg, og 2. flokks skrifarar hafa að byrjunarlaunum 1400 kr. á ári, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. upp í 2200 kr.

Talsímakonur við langlinumiðstöðvar, aðstoðarmenn við skeytaafgreiðslu og 3. flokks ritarar hafa að byrjunarlaunum 1200 kr., en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. upp í 1800 kr.

Varðstjórar við bæjarsímann í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 1200 kr., en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. upp í 2000 kr.

Talsímameyjar við bæjarsímann í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 900 kr. á ári, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 100 kr. upp í 1300 kr.

17. gr.

Vegamálastjóri og vitamálastjóri hafa að byrjunarlaunum 5000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 6000 kr.

Aðstoðarverkfræðingur vegamálastjóra og vitamálastjóra hafa að byrjunarlaunum 3000 kr. á ári, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. upp í 4000 kr.

18. gr.

Vitavörðurinn á Reykjanesi hefir í árslaun 1500 kr., vitavörðurinn í Vestmannaeyjum 900 kr., vitavörðurinn á Siglunesi 900 kr. og vitavörðurinn á Dalatanga 600 kr., og á Garðskaga allt auk hlunninda þeirra er nú njóta þeir.

19. gr.

Skógræktarstjóri, sem einnig er skógarvörður í Reykjavík, hefir að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. upp í 4400 kr.

Skógarverðirnir á Vöglum og Hallormsstað hafa 1200 kr. árslaun, auk hlunninda þeirra er þeir njóta nú.

20. gr.

Fiskifyrirtsmatmaðurinn í Reykjavík hefir í árslaun 3000 kr., fiskifyrirtsmennirnir á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði 2400 kr., og fiskifyrirtsmatmaðurinn í Vestmannaeyjum 1800 kr.

21. gr.

Forstöðumaður löggildingarstofunnar fyrir mælitæki og vogaráhöld fær að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. upp í 4400 kr.

22. gr.

Biskup hefir að byrjunarlaunum 6000 kr., en launin hækka eftir 4 og 8 ár um 500 kr. í hvort skifti upp í 7000 kr.

Sóknarprestar hafa að byrjunarlaunum 2000 kr., en launin hækka á hverjum fimm ára fresti um 200 kr. upp í 3000 kr.

23. gr.

Prófessorar við háskólann hafa að byrjunarlaunum 4500 kr. á ári, en launin hækka á hverjum fjöggra ára fresti um 500 kr. upp í 6000 kr.

Dósentar hafa að byrjunarlaunum 3000 kr., en launin hækka á hverjum 4 árum um 500 kr. upp í 4500 kr.

24. gr.

Skólameistari hins almenna mentaskóla hefir að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300

kr. og 400 kr. upp í 5000 kr. Auk þess nýtur hann ókeypis húsnæðis, ljóss og hita í skólahúsinu.

Yfirkennarar skólans eru tveir og hafa að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5000 kr.

Aðrir kennarar skólans hafa að byrjunarlaunum 3000 kr. á ári, en launin hækka á hverjum fjöggra ára fresti um 250 kr. upp í 4000 kr.

#### 25. gr.

Skólameistari gagnfræðaskólans á Akureyri og forstöðumaður kennarskólans í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 4200 kr. Auk þess fá þeir ókeypis bústað, ljós og hita.

Kennarar við skóla þessa hafa að byrjunarlaunum 2600 kr. á ári, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. upp í 3600 kr.

#### 26. gr.

Skólastjórinn á Eiðum hefir að byrjunarlaunum 2200 kr. á ári, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. upp í 3200 kr., auk ókeypis bústaðar, ljóss og hita.

Kennari við skóla þennan hefir að byrjunarlaunum 1600 kr. á ári, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. upp í 2600 kr. Auk þess nýtur hann ókeypis húsnæðis, ljóss og hita.

#### 27. gr.

Enginn getur fengið veitingu fyrir kennaraembætti við skóla þá, er um ræðir í 23.—25. gr., nema hann hafi verið settur til að þjóna embættinu að minsta kosti eitt ár. Hafi hann ekki fengið veitingu fyrir embættinu innan tveggja ára, má hann ekki gegna því lengur.

#### 28. gr.

Skólastjóri stýrimannaskólans og vjelstjóraskólans hafa að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. upp í 4000 kr. Auk þess njóta þeir leigulauss bústaðar, ljóss og hita.

Kennarar við skóla þessa hafa að byrjunarlaunum 2000 kr. á ári, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. upp í 3000 kr.

#### 29. gr.

Skólastjórar bændaskólanna hafa að byrjunarlaunum 2200 kr. á ári, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. upp í 3200 kr.

Kennarar við skóla þessa hafa að byrjunarlaunum 1600 kr. á ári, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. upp í 2600 kr.

Auk þess njóta bæði skólastjórar og kennarar ókeypis húsnæðsi, ljóss og hita.

### 30. gr.

Forstöðumaður málleysisjaskólans hefir að byrjunarlaunum 1200 kr. á ári, en launin hækka á hverjum tveggja ára fresti um 100 kr. upp í 2000 kr.

Kennari við skóla þenna hefir að byrjunarlaunum 900 kr., en launin hækka á hverjum tveggja ára fresti um 100 kr. upp í 1500 kr.

Auk þess njóta bæði forstöðumaður og kennari ókeypis húsnæðis, ljóss og hita.

### 31. gr.

Fræðslumálastjórinn hefir að byrjunarlaunum 4000 kr., en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5000 kr.

### 32. gr.

Landsbókavörður hefir að byrjunarlaunum 4400 kr. á ári, en launin hækka á hverjum fjöggra ára fresti um 400 kr. upp í 6000 kr.

Skjalavörður og bókavörður hafa að byrjunarlaunum 3000 kr., en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. upp í 4000 kr.

Aðstoðarbókaverðir hafa að byrjunarlaunum 2000 kr. á ári, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. upp í 3000 kr.

Þjóðmenjavörður hefir að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. upp í 5000 kr.

Dyravörður bókhlöðunnar hefir að árslaunum, auk ókeypis húsnæðis, ljóss og hita, 1500 kr.

Þangað til landsbókavardarembættið og þjóðskjalavardarembættið verða sameinuð, fær hvor þessara embættismanna 4500 kr. árslaun.

### 33. gr.

Auk hinna föstu launa fá allir embættis- og sýslunarmenn landsins fyrst um sinn meðan dýrtið sú helst, sem hófst með heimsstyrjöldinni, launauppbót miðað við verðhækkun á helstu lífsnauðsynjum. Til þess að finna þá verðhækkun skal hagstofan á hverju hausti fyrir lok októbermánaðar gera verðlagsskrá, sem tekur eru upp í eftirfarandi vörur: Rúgmjöl, hveiti (besta tegund), smjör (íslenskt), nýmjólk, kindakjöt nýtt (dilkakjöt í heilum kroppum), saltfiskur (nr. 3), kaffi (óbrent), sykur (höggvinn melis). Verðið skal tilfært eins og það er í Reykjavík að haustinu til í útsölu til almennings hjá hinum stærstu verslunum, er þessar vörur selja. Hagstofan skal á sama hátt útvega upplýsingar um verð á þessum sömu vörum í Reykjavík næsta haust á undan stríðinu. Skal hækka það um 25% og er verðið í verðlagsskrá hvers árs borið saman við þetta hækkaða verð. Síðan skal með visitölum sýnd verðhækkun sú, sem orðið hefir á hverri vörutegund frá hinu eldra hækkaða verði, en auk þess skal með allsherjar visitölu sýna verðhækkun þá, sem orðið hefir á öllum þessum vörutegundum í einu lagi. Þegar finna á allsherjar visitöluna, er visitölum hinna einstöku vara veitt mismunandi gildi, visitölunum fyrir rúgmjöl og hveiti skal deilt með 2 og visitölunum fyrir fisk, kaffi og sykur deilt með 3, en hinar látuar halda sjer. Samtölunni af visitöl-

unum þannig breyttum er síðan deilt með 5 og kemur þá út allsherjar visitala. Verðlagsskráin skal vera staðfest af fjármálaráðherranum og gildir hún fyrir næsta almanaksár á eftir. Fyrir árið 1920 gildir á sama hátt verðlagsskrá, sem gerð er eftir verðlaginu haustið 1919.

Launauppbót reiknast þannig, að hún nemi jafnmikilli hundradstölu af  $\frac{2}{3}$  launanna, — þó aldrei af hærri fjárhæð en 3000 kr. á ári —, eins og allsherjar visitalan í gildandi verðlagsskrá það ár sýnir, að verðhækkunin hafi numið. Uppbótin greiðist samtímis laununum (mánaðarlega, ársfjórðungslega eða árlega). Launauppbót presta, sem eigi er skylt að búa í kaupstað eða verslunarstað, má eigi nema meiru en 500 kr. á ári.

#### 34. gr.

Með lögum þessum eru lög nr. 14, 15. okt. 1875, lög nr. 24, 14. des. 1877, lög nr. 23, 9. des. 1889, lög nr. 25, 13. sept. 1901, 4. og 5. gr. laga nr. 34, 16. nóvbr. 1907 um skipun læknishjeraða o. fl., 1. og 2. gr. nr. 46, s. d. um laun sóknarpresta, og öll önnur lagaákvæði um laun og aukatekjur embættismanna, er fara í bága við þessi lög, úr gildi numin.

#### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á hinum síðari árum hefir verið mjög rætt um launakjör starfsmanna landsins. Kröfur frá hendi starfsmanna landsins um endurbætur á kjörum þeirra, hafa orðið æ háværi og háværi, og hafa sumar kröfurnar fengið áheyrn hjá fjárveitingarvaldinu að nokkru leyti eða jafnvel að mestu leyti. Það virðist og alment viðurkennt nú, að launakjör starfsmanna landsins sjeu yfirleitt svo lág, að þau sjeu ekki lífvænleg, að þau sjeu of lág í samanburði við atvinnukjör manna í öðrum stjettum þjóðfélagsins, svo lág, að nýtir menn fáist ekki í þjónustu landsins, og að starfsmenn landsins eigi því rjettmæta kröfu á endurbótum á launakjörum þeirra.

Fyrir alþingi 1913 lagði landsstjórnin frumvörp til laga um breyting á launum embættismanna í Reykjavík sjerstaklega. Alþingi vildi ekki þá sinna þessu, og virðast ástæðurnar til þess þær, að þinginu hafi þá ekki þótt þörf að breyta þeim launum sjerstaklega, þótt viðurkennt væri, að sum af launum þeim, er farið er fram á af landstjórninni, að hækkuð væri, væri of lág, enda var nokkrum af þeim embættismönnum, er farið var fram á í frumvörpunum að laun þeirra væri hækkuð, veitt launaviðbót í fjárlögum. Meiri hluti nefndar þeirrar, er fjallaði um málið í neðri deild fann að því, að landstjórnin hefði ekki tekið til greina þingsályktun neðri deildar alþingis 1911, þar er skorað var á landstjórnina að taka tilrækilegrar athugunar framkomnar óskir landsmanna um afnám lögákvæðinna eftirlauna, og ihuga hvort ekki mætti í stað eftirlauna láta embættismenn tryggja sjer sæmilegan ellistyrk. Loks taldi nefndin málið óundiþúið, og ekki ástæða til að taka út úr embættismenn í Reykjavík.

Á Alþingi 1914 var samþykkt svofeld þingsályktun:

»Alþingi ályktar að skora á stjórnina að skipa millipinganevnd til þess að ihuga rækilega óskir þjóðarinnar um afnám lögákvæðinna eftirlauna.

Jafnframt skal nefndin rannsaka launakjör embættismanna og annara starfsmanna landsjóðs, og sjerstaklega koma fram með tillögur til þeirrar skipunar á þeim, er nauðsynleg og sanngjörn virðist í sambandi við afnám eftirlauna.

Á sama þingi samþykkti neðri deild svofelda þingsályktun:

»Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landstjórn að taka til rækilegrar ihugunar, hvort unt sje að aðskilja umboðsvald og dómsvald og fækka sýslumönnum að miklum mun, og ef svo virðist, að það sje hagkvæmt og að mun kostnaðarminna en það fyrirkomulag, sem nú er, að leggja þá frumvarp til laga í þá átt fyrir næsta Alþingi.

Með konungsúrskurði 9. desbr. 1914 var svo skipuð 5 manna millipinganefnd í eftirlauna- og launamálið, og með brjefi 23. s. m. fól stjórnarráðið hinri sömu nefnd »rannsóknina um aðgreiningu á umboðsvaldi og dómsvaldi«, samkvæmt nefndri þingsályktun neðri deildar Alþingis.

Millipinganefnd þessi starfaði að þessum málum árin 1015 og 1916. Hjelt hún fundi fyrst frá 6. apríl til 12. maí 1815, og síðan frá 1. nóvember s. á. til 28. júlí 1916. Er álit nefndarinnar prentað í riti, sem út kom það ár (1916) og nefnist: *Skýrslur og tillögur millipinganefndar þeirrar, er skipuð var með konungsúrskurði 9. desbr. 1914. — I. Um eftirlaunamál og launamál. — II. Um sundurgreining umboðsvalds og dómsvalds.* — Meiri hluti nefndar þessarar, sem kölluð verður hjer eftir Launamálanefndin, komst að vísu að þeirri niðurstöðu, að tiltækilegt væri að skilja umboðsvald frá dómsvaldi, en Launaneftin bygði samt tillögur sínar í launa- og eftirlaunumálinu á þeirri embættaskipun yfirleitt, sem nú er.

Ráðuneytið hefir eigi sjeð sjer fært að leggja tillögurnar um alt launamálið fyrir Alþingi fyr en nú. Að vísu var lagt fyrir Alþingi 1918 af hálfu landsstjórnarinnar frumvarp til laga um hækkun á launum yfirdómaranna, skrifstofustjórnanna í stjórnarráðinu og hagstofustjórnans. Frumvarp þetta varð eigi útrætt á þinginu.

Ráðuneytið hefir eigi talið mega lengur dragast að koma fram með tillögur um bætur á launakjörum starfsmanna landsins yfirleitt. Það er vitanlegt, að laun þeirra eru nú óhæflega lág ekki einungis í samanburði við hækkun þá, sem orðin er á öllum lífsnauðsynjum, heldur og engu síður í samanburði við laun einkaembættismanna og kaup verkamanna. Þá eru og launakjör starfsmanna kaupstaðanna miklum mun betri yfirleitt, en starfsmanna landsins. Það er því ekki að furða, þótt duglegir embættismenn sjeu farnir að segja upp embættum sínum, og ganga í þjónustu einstakra manna, sveitarfjelaga eða banka. Að vísu getur ríkið ekki kept við þau verslunarfyrtæki, er best kjör bjóða, en hitt má ekki viðgangast, að hæfir menn með góðri verklegri eða bóklegri mentun geti svo að segja alstaðar annarsstaðar fengið betri kjör en þau, sem ríkið býður starfsmönnum sínum.

Frumvarp það, er hjer er borið fram ásamt frumvarpinu um lifeyri embættismanna, er bygt á tillögum Launamálanefndarinnar, og er því vísað til framangreinds álits þeirrar nefndar. Breytingar þær, sem gerðar eru í frumvörpum hennar eru að miklu leyti tilorðnar vegna verðhækkunar þeirrar, er orðið hafa síðan — ófriðarárunum — og búast má við að haldist.

Er ákveða á nú föst laun embættismanna, verður á hinn bóginn með engu móti ætlast til þess, að þau verði miðuð við það verðlag sem nú er, því að

það er harla ósennilegt, að það verð muni haldast óbreytt til lengdar. Eru öllu meiri líkur til þess, að það muni fara lækkandi úr þessu, en erfitt að gera sjer grein fyrir, hversu fljótt og og hversu mikið það muni lækka, og hvar jafnvægi muui aftur komast á, svo að verðlagið nái nokkurri festu.

En með því að það er mjög ósennilegt, að verðlagið muni aftur komast niður í það, sem það var fyrir ófriðinn, fyrr en þá eftir mjög langan tíma, þá verður nú við ákvörðun fastra launa að byggja á töluvert hærra verði til frambúðar, heldur en var fyrir ófriðinn. Fyrir því er í frumvarpinu gengið út frá hjer um bil 25% hærra verðlagi, og launin miðuð við.

Með því að bygt er á tillögum Launamálanefndarinnar í frumvarpinu, en með hærra verðlaginu fyrir augum, þykir rjett til glöggvunar að setja hjer samanhurð, á launum þeim, sem hún tók til samanburðar við tillögur sínar, sbr. bls. 220—239 í nefndaráliti hennar, og launaákvæðum frumvarpsins.

Samanburður á embættislánum 18

| Embættin                               | Laun 1914      |  |           | Samkvæ       |            |           |
|--|----------------|--|-----------|--------------|------------|-----------|
|  | Samkvæmt lögum | Samkvæmt fjárlögum eða stjórnarráðs-ákvæði | Laun alls | Byrjunarlaun | Hæstu laun | Embættis- |
| <i>I. Stjórnarráðið.</i>               |                |  |           |              |            |           |
| Skrifstofustjóri (I.) ... ..           | 3500           | » 3500                                     | 3500      | 5000         | 6000       | 2         |
| — (II.) ... ..                         | 3500           | » 3500                                     | 3500      | 5000         | 6000       | 2         |
| — (III.) ... ..                        | 3500           | » 3500                                     | 3500      | 5000         | 6000       | 2         |
| Fulltrúi (II.) ... ..                  | »              | 2000                                       | 2000      | 3000         | 4000       | 2         |
| — (III.) ... ..                        | »              | 1800                                       | 1800      | 3000         | 4000       | 2         |
| Aðstoðarmaður (I.) ... ..              | »              | 1800                                       | 1800      | 2000         | 3000       | 1         |
| — (II.) ... ..                         | »              | 1500                                       | 1500      | 2000         | 3000       | 1         |
| — (III.) ... ..                        | »              | 1800                                       | 1800      | 2000         | 3000       | 1         |
| — (III.) ... ..                        | »              | 1500                                       | 1500      | 2000         | 3000       | 1         |
| Skrifari (I.) ... ..                   | »              | 1500                                       | 1500      | 1600         | 2400       | 3         |
| — (II.) ... ..                         | »              | 1500                                       | 1500      | 1600         | 2400       | 3         |
| — (II.) ... ..                         | »              | 1400                                       | 1400      | 1600         | 2400       | 3         |
| — (III.) ... ..                        | »              | 1080                                       | 1080      | 1600         | 2400       | 3         |
| — (III.) ... ..                        | »              | 1400                                       | 1400      | 1600         | 2400       | 3         |
| Dyravörður ... ..                      | »              | 1300                                       | 1300      | 1500         | 1500       | 2         |
| Hagstofustjóri ... ..                  | 3000           | » 3000                                     | 3000      | 5000         | 6000       | 2         |
| Aðstoðarmaður í hagstofunni ... ..     | 2500           | » 2500                                     | 2500      | 3000         | 4000       | 2         |
| Ríkisfjehirðir ... ..                  | 2500           | » 2500                                     | 2500      | 3000         | 4000       | 2         |
| <i>II. Dómgæsla og lögreglustjórn.</i> |                |  |           |              |            |           |
| Háyfirdómari ... ..                    | 4800           | » 4800                                     | 4800      | 6000         | 7000       | 1         |
| 1. yfirdómari ... ..                   | 3500           | » 3500                                     | 3500      | 5000         | 6000       | 1         |
| 2. yfirdómari ... ..                   | 3500           | » 3500                                     | 3500      | 5000         | 6000       | 1         |
| Lögreglustjórinn í Reykjavík ... ..    | »              | »  | »         | 5000         | 6000       | 2         |
| Bæjarfógetinn í Reykjavík ... ..       | 10967          | » 10967                                    | 10967     | 5000         | 6000       | 2         |
| Sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu... ..  | 5868           | » 5868                                     | 5868      | 4600         | 5600       | 2         |
| — - Eyjafjarðarsýslu ... ..            | 7644           | » 7644                                     | 7644      | 4600         | 5600       | 2         |
| — - Norðurmúlasýslu ... ..             | 5766           | » 5766                                     | 5766      | 4600         | 5600       | 2         |
| — - Gullbringu- og Kjósarsýslu... ..   | 3985           | » 3985                                     | 3985      | 4200         | 5200       | 2         |
| — - Árnessýslu ... ..                  | 2988           | » 2988                                     | 2988      | 4200         | 5200       | 2         |
| — - Mýra- og Borgarfjarðarsýslu        | 2740           | » 2740                                     | 2740      | 4200         | 5200       | 2         |
| — - Snæf. ness- og Hnappad.sýslu       | 2541           | » 2541                                     | 2541      | 4200         | 5200       | 2         |
| — - Barðastrandarsýslu ... ..          | 2792           | » 2792                                     | 2792      | 3800         | 4800       | 2         |
| — - Húnavatnssýslu ... ..              | 2846           | » 2846                                     | 2846      | 4200         | 5200       | 2         |
| — - Skagafjarðarsýslu ... ..           | 2431           | » 2431                                     | 2431      | 4200         | 5200       | 2         |
| — - Þingeyjarsýslu ... ..              | 3184           | » 3184                                     | 3184      | 4200         | 5200       | 2         |
| — - Suðurmúlasýslu ... ..              | 4650           | » 4650                                     | 4650      | 4200         | 5200       | 2         |

launum samkv. launafrumvarpi 1919

| launafrumvarpi 1919 |                      |                      | Athugasemdir  |
|---------------------|----------------------|----------------------|---|
| Meðal-<br>árlaun    | Árleg<br>launahækkun | Árleg<br>launahækkun |   |
| kr.                 | kr.                  | kr.                  |   |
| 5713,64             | 2213,64              | »                    | Hækkun eftir 3, 6 og 9 ár kr. 300, 300, 400.  |
| 5713,64             | 2213,64              | »                    | — sómuleiðis.   |
| 5713,64             | 2213,64              | »                    | — sómuleiðis.   |
| 3685                | 1685                 | »                    | — sómuleiðis.   |
| 3685                | 1885                 | »                    | — sómuleiðis.   |
| 2500                | 700                  | »                    | — á 3. ára fresti kr. 200.  |
| 2500                | 1000                 | »                    | — sómuleiðis.   |
| 2500                | 700                  | »                    | — sómuleiðis.   |
| 2500                | 1000                 | »                    | — sómuleiðis.   |
| 2200                | 700                  | »                    | — sómuleiðis.   |
| 2200                | 700                  | »                    | — sómuleiðis.   |
| 2200                | 800                  | »                    | — sómuleiðis.   |
| 2200                | 1120                 | »                    | — sómuleiðis.   |
| 2200                | 800                  | »                    | — sómuleiðis.   |
| 1500                | 200                  | »                    | Auk launa: húsnæði, ljós og hiti.   |
| 5713,64             | 2713,64              | »                    | Hækkun eftir 3, 6 og 9 ár kr. 300, 300 og 400.  |
| 3685                | 1185                 | »                    | — sómuleiðis.   |
| 3685                | 1185                 | »                    | — sómuleiðis.   |
| 6735,30             | 1935,30              | »                    | — eftir 3 og 6 ár kr. 500, 500.   |
| 5629,41             | 2129,41              | »                    | — eftir 3, 6 og 9 ár kr. 300, 300, 400.   |
| 5629,41             | 2129,41              | »                    | — sómuleiðis.   |
| 5685                | 403                  | »                    | — sómuleiðis.   |
| 5685                |                      | »                    | — sómuleiðis.   |
| 5285                | »                    | 583,00               | { Einnig bæjarfógeti í Ísafjardarkaupstað.<br>Hækkun eftir 3, 6 og 9 ár kr. 300, 300, 400.    |
| 5285                | »                    | 2359,00              | { Einnig bæjarfógeti í Akureyrarkaupstað.<br>Hækkun eftir 3, 6 og 9 ár kr. 300, 300, 400.     |
| 5285                | »                    | 481,00               | { Einnig bæjarfógeti í Seyðisfjardarkaupstað.<br>Hækkun eftir 3, 6 og 9 ár kr. 300, 300, 400. |
| 4885                | 900                  | »                    | — sómuleiðis.   |
| 4885                | 1897                 | »                    | — sómuleiðis.   |
| 4885                | 2145                 | »                    | — sómuleiðis.   |
| 4885                | 2344                 | »                    | — sómuleiðis.   |
| 4485                | 1693                 | »                    | — sómuleiðis.   |
| 4885                | 2039                 | »                    | — sómuleiðis.   |
| 4885                | 2454                 | »                    | — sómuleiðis.   |
| 4885                | 1701                 | »                    | — sómuleiðis.   |
| 4885                | 235                  | »                    | — sómuleiðis.   |

Samanburður á embættislaunum 19

| Embættin                                   | Laun 1914      |  |           | Samkvæ       |            |           |
|--|----------------|--|-----------|--------------|------------|-----------|
|  | Samkvæmt lögum | Samkvæmt fjárlögum eða stjórnarráðs-ákvæði | Laun alls | Byrjunarlaun | Hæstu laun | Embættis- |
|  | kr.            | kr.  | kr.       | kr.          | kr.        | á         |
| Sýslumaðurinn i Dala- og Strandasýslu ...  | 4060           | »  | 4060      | 4200         | 5200       | 20        |
| — - - Skaftafellssýslu ... ..              | 2458           | »  | 2458      | 3800         | 4800       | 20        |
| — - - Rangárvallasýslu ... ..              | 2500           | »  | 2500      | 3800         | 4800       | 20        |
| — - - Vestmannaeyjasýslu ... ..            | 4848           | »  | 4848      | 3800         | 4800       | 20        |
| Lögreglustjórinn á Siglufirði ... ..       | »              | »  | »         | 2000         | 2000       | 20        |
| <i>III. Læknaskipun.</i>                   |                |  |           |              |            |           |
| Landlæknir ... ..                          | 4000           | »  | 4000      | 5000         | 6000       | 20        |
| Hjeraðslæknirinn i Reykjavíkur hjeraði ... | 1500           | »  | 1500      | 4000         | 5000       | 20        |
| — - - Vestmannaeyja — ...                  | 1500           | »  | 1500      | 1800         | 1800       | 20        |
| — - - Hafnarfjarðar — ...                  | 1500           | »  | 1500      | 1800         | 1800       | 20        |
| — - - Þingeyrar — ...                      | 1500           | »  | 1500      | 1800         | 1800       | 20        |
| — - - Patreksfjarðar — ...                 | 1700           | »  | 1700      | 1800         | 1800       | 20        |
| — - - Ísafjarðar — ...                     | 1900           | »  | 1900      | 1800         | 1800       | 20        |
| — - - Sauðárkróks — ...                    | 1500           | »  | 1500      | 1800         | 1800       | 20        |
| — - - Akureyrar — ...                      | 1500           | »  | 1500      | 1800         | 1800       | 20        |
| — - - Fáskrúðsfjarðar — ...                | 1500           | »  | 1500      | 1800         | 1800       | 20        |
| — - - Eyrarbakka — ...                     | 1500           | »  | 1500      | 1800         | 1800       | 20        |
| — - - Skipaskaga — ...                     | 1500           | »  | 1500      | 1800         | 1800       | 20        |
| — - - Borgarfjarðar — ...                  | 1500           | »  | 1500      | 1800         | 1800       | 20        |
| — - - Borgarness — ...                     | 1500           | »  | 1500      | 1800         | 1800       | 20        |
| — - - Ólafsvíkur — ...                     | 1500           | »  | 1500      | 1800         | 1800       | 20        |
| — - - Stykkishólms — ...                   | 1500           | »  | 1500      | 1800         | 1800       | 20        |
| — - - Dala — ...                           | 1500           | »  | 1500      | 1800         | 1800       | 20        |
| — - - Hólmavíkur — ...                     | 1500           | »  | 1500      | 1800         | 1800       | 20        |
| — - - Miðfjarðar — ...                     | 1500           | »  | 1500      | 1800         | 1800       | 20        |
| — - - Blönduóss — ...                      | 1700           | »  | 1700      | 1800         | 1800       | 20        |
| — - - Hofsóss — ...                        | 1500           | »  | 1500      | 1800         | 1800       | 20        |
| — - - Siglufjarðar — ...                   | 1500           | »  | 1500      | 1800         | 1800       | 20        |
| — - - Svarfdæla — ...                      | 1500           | »  | 1500      | 1800         | 1800       | 20        |
| — - - Reykdæla — ...                       | 1500           | »  | 1500      | 1800         | 1800       | 20        |
| — - - Húsavíkur — ...                      | 1500           | »  | 1500      | 1800         | 1800       | 20        |
| — - - Vopnafjarðar — ...                   | 1500           | »  | 1500      | 1800         | 1800       | 20        |
| — - - Fljótisdals — ...                    | 1500           | »  | 1500      | 1800         | 1800       | 20        |
| — - - Seyðisfjarðar — ...                  | 1900           | »  | 1900      | 1800         | 1800       | 20        |
| — - - Reyðarfjarðar — ...                  | 1500           | »  | 1500      | 1800         | 1800       | 20        |
| — - - Norðfjarðar — ...                    | 1500           | »  | 1500      | 1800         | 1800       | 20        |
| — - - Mýrdals — ...                        | 1500           | »  | 1500      | 1800         | 1800       | 20        |
| — - - Rangárvalla — ...                    | 1500           | »  | 1500      | 1800         | 1800       | 20        |
| — - - Grimsness — ...                      | 1500           | »  | 1500      | 1800         | 1800       | 20        |
| — - - Keflavíkur — ...                     | 1700           | »  | 1700      | 1800         | 1800       | 20        |
| — - - Reykhóla — ...                       | 1500           | »  | 1500      | 1800         | 1800       | 20        |
| — - - Bildudals — ...                      | 1500           | »  | 1500      | 1800         | 1800       | 20        |
| — - - Flateyrar — ...                      | 1500           | »  | 1500      | 1800         | 1800       | 20        |



Samanburður á embættislaunum 19

| Embættin  | Laun 1914      |  |           | Samkvæmi     |            |           |
|---|----------------|--|-----------|--------------|------------|-----------|
|   | Samkvæmt lögum | Samkvæmt fjárlögum eða stjórnarráðs-ákvæði | Laun alls | Byrjunarlaun | Hæstu laun | Embættis- |
|   | kr.            | kr.  | kr.       | kr.          | kr.        | ári       |
| Hjerslæknirinn í Hesteyrar hjerði ...           | 1500           | »  | 1500      | 1800         | 1800       | 20        |
| --- - Pistilfjarðar --- ...                     | 1500           | »  | 1500      | 1800         | 1800       | 20        |
| --- - Hróarstungu --- ...                       | 1500           | »  | 1500      | 1800         | 1800       | 20        |
| --- - Síðu --- ...                              | 1500           | »  | 1500      | 1800         | 1800       | 20        |
| --- - Berufjarðar --- ...                       | 1500           | »  | 1500      | 1800         | 1800       | 20        |
| --- - Hornafjarðar --- ...                      | 1500           | »  | 1500      | 1800         | 1800       | 20        |
| Heilsubælislæknirinn ... ..                     | 3200           | »  | 3200      | 4000         | 5000       | 20        |
| Gedveikralæknirinn ... ..                       | 2400           | 300  | 2700      | 4000         | 5000       | 20        |
| Dýralæknirinn í Suðurumdæminu ... ..            | 1500           | 400  | 1900      | 1800         | 1800       | 20        |
| --- - Vesturumdæminu... ..                      | 1500           | »  | 1500      | 1800         | 1800       | 20        |
| --- - Norðurumdæminu ... ..                     | 1500           | »  | 1500      | 1800         | 1800       | 20        |
| --- - Austurumdæminu ... ..                     | 1500           | »  | 1500      | 1800         | 1800       | 20        |
| <i>IV. Samgöngur o. fl.</i>                     |                |  |           |              |            |           |
| A.  |                |  |           |              |            |           |
| Póstmeistari ... ..                             | 3600           | 400  | 4000      | 5000         | 6500       | 25        |
| Aðstoðarpóstmeistari í Reykjavík ... ..         | »              | »  | »         | 3500         | 4400       | 25        |
| Póstfulltrúi í Reykjavík ... ..                 | »              | 2400                                       | 2400      | 3000         | 4000       | 20        |
| Póstafgreiðslumaður í Reykjavík ... ..          | »              | 1800                                       | 1800      | 2000         | 3000       | 30        |
| --- - --- ... ..                                | »              | 1800                                       | 1800      | 2000         | 3000       | 30        |
| --- - --- ... ..                                | »              | 1200                                       | 1200      | 2000         | 3000       | 30        |
| Aðstoðarmaður í Reykjavík... ..                 | »              | 1600                                       | 1600      | 1200         | 2000       | 15        |
Ráðuneytið hefir ekki treyst sjer til að fara þá leið er Launamálanevndin lagði til, að gera laun læknahjæraðanna misjöfn, þannig að laun hinna fámennari hjæraða væri hærrí en hinna fjölmennari, þar er von er meiri aukatekna. Laun þau, er frumvarpið ætlast til að læknum sje greidd úr rikissjóði, eru hvort sem er svo lág, að varla er sanngjarnt að hafa þau lægri í nokkru læknishjæraði. Aðalbótin á launákjörum lækna á eftir frumvarpinu að vera fólgin í því, að borgun fyrir störf lækna verði ákveðin hæfileg í samanburði við borgun fyrir störf manna alment, en ekki haldið niðri með óeðlilegum lagaákvæðum, sbr. 4. og 5. gr. laga 16. nóvbr. 1907 um skipun læknishjæraða o. fl.

Um einstakar greinar í frumvarpinu er vísað til athugasemda Launamálanevndarinnar við launafrumvarp það, er hún samdi og launafrumvarps stjórnarinnar frá 1918. Þykir ekki þörf á að taka sérstaklega fram, hvers vegna frá er vikið í einstöku atriði tillögu Launamálanevndar.

Um eina grein frumvarpsins, 33. greinina, skal þó athugað nánara það, er hér segir.

#### Um 33. gr.

Þótt launaákvæði frumvarpsins séu miðuð við 25% hærra verðlag en var haustið fyrir ófriðinn eða haustið 1913, þá er þar með ekki fullnægt réttmætum kröfum embættismanna til launahækkunar.

Það er auðsætt, að meðan verðlagið helst miklum mun hærra heldur en það verðlag, sem launaupphæðin miðast við, þá verður enn að veita uppbót á laununum, er bæti upp verðlagið á þeim á hverjum tíma. Með því nú að gera má ráð fyrir því, að verðlagið geti breyst töluvert á skömmum tíma, en ekki er unt fyrirfram, að reikna út, hvernig það muni breytast, þá virðist ekki heppilegt að ákveða fasta dýrtíðaruppbót jafnhliða laununum, heldur ætti hún að breytast eftir því sem verðlagið breyttist. Varð því að finna nokkurskonar verðlagsskrá til þess að miða frekari launauppbót við. Ráðuneytið hefir því leitað aðstoðar og fengið aðstoð Þorsteins Þorsteinssonar hagstofustjóra til þess að semja reglur þær, er teknar eru upp í þessari grein frumvarpsins, og er ákvæðið í því fólgið að gerð sje árleg verðlagsskrá um helstu lífsnaudsýnjar og dýrtíðaruppbótin miðuð við hana. Hefir hagstofustjóri samið reglur þessar og ástæðurnar fyrir þeim.

Ef vel væri, þyrftu, áður en slík verðlagsskrá er gjörð, að vera fyrir hendi reikningar frá mörgum embættismönnum, er sýndu, hvernig gjöld þeirra skiftust að meðaltali, en hér er nú varla um annað að gjöra í þessu efni heldur en áætlun þá, sem háskólaráðið gjörði í fyrra vetur um útgjöld embættismannsheimilis, og birt er í Árbók háskólans 1917—18. En með því að áætlun þessi er byggð á skýrslum og reikningságripum frá nokkrum fjölskyldum, þá er hún betri en einn einstakur reikningur. Í Landshagsskýrslunum 1912 er skýrsla um matvælaneyslu í Laugarnesspítala að meðaltali á mann um 3 ára skeið (1910—12) og sýnir hún furðanlega lík hlutföll milli matvörflokkanna, eins og áætlunin í

Árbók háskólans. Í verðlagsskrá þeirri, sem hér er lögð til grundvallar, hefir verið stuðst við þau útgjaldahlutföll, sem áætlunin í Árbók háskólans sýnir.

Best væri og rjettast, að láta verðlagsskrána ná til allra lífsnanðsynja og veita þeim öllum mismunandi gildi eftir því, hversu mikilsverðar þær eru fyrir embættismenn yfirleitt. En með því að það er allmiklum erfiðleikum háð að ákveða verðlag á húsnæði, fatnaði, eldsneyti og ýmsu fleiru, enda notkunin mismunandi bæði að magni og gæðum, þá hafa að eins verið teknar upp í verðlagsskrá þá, er hér er notuð, matvörur, nokkrar einstakar vörur, sem töluvert munar um í neyslu flestra manna, og má búast við því, að verðlagsskrá þessi muni geta sýnt nokkurn vegin ábyggilega breytingarnar á matvöruverðlaginu yfirleitt. En með því að matvörunar munu hafa hækkað töluvert meira í verði, heldur en aðrar nauðsynjar að meðaltali, þá yrðu launauppbæturnar of háar ef öll launin væri hækkuð að sama skapi, sem verðlagsskráin hækkaði, en ef að eins  $\frac{2}{3}$  hlutar launanna eru látnir hækka eins og verðlagsskráin, en  $\frac{1}{3}$  er látinn haldast óbreyttur, þá verður niðurstaðan sennilega nokkuð lík eins og ef reiknað væri með öllum útgjaldaflokkum, þó líklega heldur lægri.

Gert er ráð fyrir að verðlagsskráin miðist að eins við verðlag í Reykjavík. Ef fara ætti að gera slíka verðlagsskrá eftir verðlagi á ýmsum stöðum á landinu, þá mundi það verða miklum erfiðleikum bundið, og hún myndi traudelega geta orðið eins ábyggileg. En það er hvorttveggja, að í Reykjavík eru langflestir embættismenn búsettir og breytingar á verðlagi munu nokkurnvegin fylgjast að í Reykjavík og út um land.

Það hefir ekki þótt ástæða til að bæta að fullu eftir þessari grein upp hin hærri laun; heldur er það lagt til að aldrei sje meira bætt upp en 3000 kr. af laununum. Þannig er 4500 kr. hæstu laun, sem upp verða bætt að fullu hlutfallslega. Svo er enn takmörkuð uppbót sú sem sveitaprestar njóta, þannig að sú uppbót nemi aldrei meiru en 500 kr. Eru ástæðurnar fyrir því væntanlega auðskildar.

Ekki er auðið að segja, hve miklu uppbótin eftir þessari grein muni nema, auðvitað yrði hún ríkissjóði mjög tilfinnanleg hið fyrsta árið eða árið 1920, en síðan hlyti hún að lækka mjög, því að ekki getur hjá því farið, að verðlagið á matvöru lækki mjög frá því, sem það nú er eða verður í haust. En hvað sem um það er, þá ber að veita uppbót, sem þannig er háttað, sem hjer er farið fram á.

Það er bygt á því að dýrtíðaruppbótin fari ekki árið 1920 fram úr 100% af þeim hluta launanna, sem upp er bættur.

Þá er frumvarp það sjálfst var samið, er fram er borið hjer og sent til prentunar, kom nefnd embættismanna til viðkomandi ráðherra með erindi það, er prentað er hjer á eftir, fylgiskjal I, a og b, og fylgiskjal II.

Fara kröfur embættismanna mjög í hina sömu átt, sem frumvarpið.

## Fylgiskjal I.

Reykjavík, 26. mars 1919.

Á fjölmönnum fundi, sem haldinn var hjer í gær meðal embættismanna og annara landsstarfsmanna, var samþykkt hjálögð tillaga til fundaráskorunar, og viljum vjer, svo sem oss var falið af fundinum, leyfa oss hjer með að bera hana upp fyrir stjórnarráðinu, ásamt nefndarálit, er með henni var lagt fyrir fundinn, og þar með fylgjandi tilraun til að gera slíka verðlagsskrá, sem áskorunin greinir.

Virðingarfylst.

Eggert Briem.

Gísli J. Ólafson.

Matthías Þórðarson.

S. P. Sívertsen.

Sæmundur Bjarnhedeinsson.

Þorleifur H. Bjarnason.

Þorleifur Jónsson.

Til Stjórnarráðsins.

## Fylgiskjal a við I.

Fundurinn skorar fastlega á stjórnarráðið að hlutast til um að á næsta alþingi verði sett ný lög um að laun allra embættismanna og annara starfsmanna ríkisins verði bætt upp samkvæmt *verðlagsskrá*, hvort heldur sem dýrtíðaruppbót eða að nokkru leyti sem hækkun á föstum launum. Verðlagsskrá þessi miðist við verðlag á helstu lífsnauðsynjum og skal eftirleidis reikna út árlega eftir henni launauppbót hvers embættismanns og starfsmanns meðan dýrtíð helst. Skal verðlagsskrá þessi jafnan samin af Hagstofunni og staðfest af ráðherra, og fái menn laun sín samkvæmt þessu fyrirkomulagi frá síðustu áramótum að telja.

## Fylgiskjal b við I.

Nefndarálit, sjá fylgiskjal I.

Launakjör embættismanna hjer á landi voru síðast tekin til nákvæmrar athugunar af millipinganefnd þeirri í launamálum, sem skipuð var með konungsúrskurði 9. des. 1914, og má sjá skýrslur hennar og tillögur í bók þeirri er hún gaf út um þau mál 1916. Áleit nefndin að *ekki yrði »hjá því komist að hækka launin talsvert«*, án nokkurs tillits til verðhækkunar þeirrar á öllum lífsnauðsynjum, sem þá (1916) var orðin af ófriðarins völdum (sbr. bls. 188). En eins og öllum, er þetta mál suertir, mun enn vera í fersku minni, þóttu launahækkunar-

tillögur nefndar þessarar ná mikils til of skamt, svo að almennri óánægju olli. En ofan á þessi bágu launakjör, sem allir hlutu að viðurkenna að bæta þyrfti úr, bættist dýrtíð sú og fjárþröng, er af styrjöldinni stafaði.

Hagstofan hefir jafnan birt yfirlit yfir vöxt dýrtíðarinnar, eða hækkun vöruverðsins á öllum matvörum, um 60 tegundum, og jafnframt verðhækkun á sóða og sápu, steinolíu og kolum. Samkvæmt skýrslu í síðasta nr. Hagtiðinda (4. árg. nr. 1) um verð þessara vörutegunda, hefir verðhækkunin orðið í stuttu máli þessi: Ef verðið á öllum þeim vörum, sem nefndar voru og verðhækkunaryfirlitið í Hagtiðindunum tilgreinir, er talið 100 í júlímánuði 1914, eða rjett áður en stríðið byrjaði, þá hefir það verið að meðaltali 274 í janúar 1918, 342 í október 1918 og 339 í janúar 1919. Hafa þá vörur þessar hækkað í verði að meðaltali um 239% síðan stríðið byrjaði og um 23% síðan í fyrravetur, en lækkað í verði að eins um 1% síðan í október f. á. Hjer við er þó aðgætandi, að ýmsar af þeim vörum, sem Hagtiðindi reikna með eru nú ófáanlegar. Ef þeim er slept, og aðeins litið á þær vörutegundir, sem eftir eru, þá hafa þær að meðaltali hækkað í verði um 253% síðan stríðið byrjaði. — Verðhækkunin á sóða, sápu, steinolíu og kolum er heldur meiri en á matvörum. Ef matvörunar eru teknar sjer, hafa þær allar að meðaltali hækkað í verði um 213% síðan í ársbyrjun, um 22% síðan í fyrra vetur, en staðið í stað á síðasta ársfjórðungi. En ef að eins eru teknar þær matvörur, sem fáanlegar voru í byrjun þ. á., þá hafa þær að meðaltali hækkað um 225% síðan stríðið byrjaði, um 24% síðan í fyrra vetur, en staðið í stað á síðasta ársfjórðungi síðasta árs.

Í Árbók Háskólans fyrir háskólaárið 1917—18 er á bls. 62—66 áætlun um árseyðslu embættismannsheimilis í Reykjavík, með 6 heimilismönnum, 3 fullorðnum og þremur börnum, 1914 og 1918; er árseyðslan talin alls 4355 kr. fyrra árið og 8230 kr. síðara árið. Áætlun þessi er í alla staði mjög hófsamleg og er nákvæmlega sundurliðuð, svo að gera má ráð fyrir að árseyðslan skiftist á líkan hátt og áætlunin sýnir. Ef útgjöldin eru flokkuð í 5 flokka, verður hækkunin á flokkunum frá 1914—1918 eins og hjer segir:

|                         |      |
|-------------------------|------|
| Matvæli... ..           | 165% |
| Eldiviður og ljós .. .. | 551% |
| Fatnaður .. ..          | 103% |
| Húsnæði .. ..           | 67%  |
| Aðrar þarfir... ..      | 16%  |

En einkum síðasta talan er bersýnilega of lág; áætlunin gerir nefnilega ráð fyrir alt of miklum sparnaði á þeim flokk. Flest af því, sem undir hann heyrir, hefir einmitt hækkað gifurlega í verði, svo mjög, að þrátt fyrir sparnað má áætla að þessi flokkur hafi í heild sinni hækkað um 85%, og mun það síst of hátt áætlað. Samkvæmt þessu má ætla, að öll útgjöldin hafi hækkað á þessu tímabili um 145%. En þótt síðasti flokkurinn hefði verið talinn eftir áætluninni, hefði hækkunin þó orðið um 122%. Þótt skift sje útgjöldunum á annan hátt í flokka, verður niðurstaðan lík, og sömuleiðis kemur lík verðhækkun í ljós, ef útgjöldunum er skift í t. d. 15 hluti eftir sömu áætlun, þannig að 5 komi á matvæli, 1 á eldivið og 9 á alt annað, og síðan sje reiknað eftir verðhækkun á vissum vörum, svo sem vísun (representóntum) fyrir hvern hlut; verðhækkunin samkvæmt áætluninni verður lík, 145%. En eins og verðhækkunaryfirlitið í Hagtiðindunum ber með sjer hafa flestar nauðsynjavörur hækkað um 23% síðan í

janúar í fyrra vetur, skömmu áður en þessi áætlun var gerð. Upplýsingar þær, er nefndin hefir fengið um hækkun húsaleigu, benda til, að gera megi ráð fyrir, að leigt húsnæði sje nú orðið 100—150% dýrara en 1914, og skýrslur þær, er nokkrir klæðskerar og 1 skósmiður hafa látið nefndinni í tje, sýna glögglega mikla verðhækkun á þeim vörum síðan í fyrra, og miklu meiri hækkun á öllu tímabilinu en í þessari áætlun stendur.

Alþingi hefir samt ekki enn hreift við launahækkunartillögum launamála-nefndarinnar að heldur; en fyrir öflugar áskoranir embættismanna hjer í Reykjavík og læknastjettarinnar um land alt, hefir þingið gert nokkra úrlausn og tilraun til að bæta úr brýnustu þörfunum í bráðina, og veitt launauppbót til bráðabirgða, dýrtíðaruppbót. Samkvæmt núgildandi dýrtíðaruppbótarlögum reiknast uppbótin af fyrstu þúsund krónum eða minna 60%, af því sem þar er fram yfir upp í 2000 kr., skulu þeir sem hafa undir 4500 kr. í árslau, fá 30%, en þeir, sem hafa frá 4500 til 4800 kr. fá dýrtíðaruppbót af öðru þúsundinu þannig, að launin og uppbótin samanlögð, verði 5400, en af því, sem fram yfir er 2000 kr. upp að 3500 kr., greiðast 10%. Þannig verður þá t. d. dýrtíðaruppbót á 1800 kr. launum 840 kr., alls 2640, á 2400 kr. launum 940 kr., alls 3340, á 3000 kr. 1000 kr., alls 4000 kr., á 3600 kr. launum 1050 kr., alls 4650 kr., en engin laun að undanteknum ráðherralaunum komast herra en upp í 5400 kr. að uppbótinni meðtaldri. Auk þess fá þeir, sem ekki hafa 4000 kr. í laun eða þar yfir, 50 kr. með hverjum framfæring, er þeir hafa. Þessi uppbót bætir þannig engum, sem hana fá, til nokkurrar náandar upp verðgildisrýrnun þá, sem orðin er á launum þeirra vegna dýrtíðarinnar, og hefir því fjárhagur þeirra manna margra, sem á landssjóðslaunum lifa og eignalausir voru fyrir, orðið æ þrengri, og það nú svo, að sýnilegt er, að þeir fá eigi rönd við reist. Verða þeir þá annaðhvort að sökkva sjer og sínum í miklar skuldir, sem litlar vonir eru um að þeir komist nokkru sinni úr aftur, að óbættum tekjum sínum, eða hverfa frá starfi sinu að miklu eða öllu leyti, til þess að afla sjer lífsuppeldis, svo sem nokkrir hafa þegar gert.

Þess mun ekki við þurfa að útskýra til hvílikra vandræða slíkt hlýtur óhjákvæmilega að leiða, vandræða, ekki að eins fyrir hvern einstaklinginn og hvert einstakt embættið, heldur fyrir þjóðfélagið í heild. Hvort heldur embættismaðurinn þraukar í embætti sínu sem ósjálfbjarga öreigi, eða deyr frá því, sokkinn í stórskuldir, eða neyðist til að fara úr því til að bjarga sjer og sínum á einhvern arðvænlegri hátt, þá er þetta ástand þjóðinni svo óholt og þjóðlífinu í held svo mikil hætta af því búin og bersýnileg, að hverjum skynsömum manni, þótt ekki þurfi sjálfur að fá eyrisvirði að launum úr landssjóði, hlýtur að verða það fullkomlega ljóst, að við svo búið má ekki standa. Þar sem það nú er viðurkennt, að launakjörin voru of ill áður en dýrtíðin skall yfir, hljóta líka allir að viðurkenna, að bæta þurfi upp að minsta kosti það peninga-verðfall, sem af henni hefir hlotist; en ætti sjer fullkomin rjettvísi stað, þá ætti nú eftir á að ákveða miklu hærri laun frá því fyrir stríðið og síðan bæta þau laun upp að sama skapi sem gjaldeyririnn, er þau greiðast með, hefir fallið í gildi. En þótt vjer eigum að visu rjett á því, að slík launabótalög og dýrtíðarlög yrðu sett, þá getum vjer því miður ekki gert oss neinar vonir um að þau verði sett hjeðan af, og álitum gagnslaust að halda fram kröfu um það. Nei, vjer sjáum oss ekki einu sinni sigurvænlegt að halda enn fast við rjettmæta dýrtíðaruppbótarkröfu fyrir hin umliðnu stríðsár, kröfu um þá uppbót á þessum of lágu launum, sem allir hlytu

að viðurkenna að einungis bætti upp peningaverðfallið. Vjer viljum að eins halda fram kröfu um launauppbót fyrir liðandi tíð frá síðustu áramótum að telja, bráðabirgðaákvæði um *rjettláta* dýrtíðaruppbót meðan dýrtíðin helst og ekki að eins ný launalög um föst hærri laun eftirleiðis. Vjer getum ekki að óreyndu trúað öðru, en að *allir* verði að viðurkenna rjettmæti *slikrar* kröfu að minsta kosti. Vjer erum heldur ekki hinir fyrstu til að bera fram slikar kröfur, vjer erum hinir *síðustu*. Bæði innan lands og utan er alt kaupgjald einstakra (prívat-) stofnana, atvinnufyrirtækja og einstakra vinnuveitanda yfirleitt hækkað um helming og meira, jafnvel þrefaldað, frá því sem var fyrir stríðið. Hjer í Reykjavík t. d. er kauphækkun allra daglaunamanna, iðnaðarmanna, prentara, bókbíndara o. s. frv., svo alkunn, að óþarfi er í rauninni að skýra hjer frá henni; vjer skulum að eins nefna hjer 3—4 flokka til dæmis, samkvæmt ábyggilegum skýrslum, er vjer höfum fengið um kauphækkun þeirra hvers um sig:

*Verkamenn* fengu 1914 35 aura um stundina frá kl. 6—6 og 45 aura um stundina við eftirvinnu. En nú í febrúar

1919 fengu þeir 90 aura frá kl. 6—6 og 1.15 kr. við eftirvinnu. Kauphækkun því um 156<sup>o</sup>/<sub>o</sub>.

*Prentarar* fengu 1914 20 kr. í lágmarkskaup á viku, en flestir 23 kr. En í febr. 1919 fengu þeir 54 kr. í lágmarkskaup og flestir 60 kr. Kauphækkun því alment 161<sup>o</sup>/<sub>o</sub> og á lágmarkskauði 170<sup>o</sup>/<sub>o</sub>.

*Trjesmiðir* fengu 1914 fyrir innivinnu 35—40 aura um stundina, fyrir útivinnu 40—45 og 10—20<sup>o</sup>/<sub>o</sub> herra fyrir eftirvinnu og helgidagavinnu. En

1919 í febrúar, fengu þeir 1.00 kr. um stundina fyrir innivinnu og 1.50 kr. fyrir eftirvinnu inni, en 1.10 fyrir útivinnu og 2.00 kr. fyrir eftirvinnu úti. Þannig hafa þeir fengið um 150<sup>o</sup>/<sub>o</sub> kauphækkun.

Þessi 3 dæmi eru nægileg og ljós; þau sýna kauphækkun verka- og iðnaðarmanna yfirleitt hjer í Reykjavík. Sumir iðnaðarmenn hafa fengið enn meiri kauphækkun; þannig upplýsir t. d. klæðskeri einn oss um að klæðskerasveinar, sem fengu fyrir stríðið 90 kr. á mánuði fái nú 300 kr., og hafa þeir þá fengið 233<sup>o</sup>/<sub>o</sub> hækkun. Sama er að segja um laun sumra skrifara, afgreiðslumanna og annara starfsmanna við verzlanið og önnur slik fyrirtæki, enda er nú svo komið, að einstaka unglíngur í slikum stöðum hafa hærri laun, en aldraðir embættismenn í ábyrgðarmiklum og vandasómum ríkisembættum. Vjer skulum láta oss nægja að nefna hjer 2 dæmi.

Oss er kunnugt um að nýlega var rúmlega tvítugur unglíngur ráðinn hjer sem ritari á verslunarskrifstofu með 400 kr. mánaðarlaunum, sem er sama sem 4800 kr. árslaun. Til samanburðar má minna á það, að langflestir prófessorarnir við háskólann hafa ekki nema 4440, og sumir minna, að meðtaldri dýrtíðaruppbót, en docentarnir ekki nema 3780, eða 85 kr. minna á mánuði en þessi piltur. — Afgreiðslumaður í búð nokkurri hjer, sem jafnframt er deildarstjóri þeirrar verslunardeildar, hefir nú, að því er vjer best vitum, hærri laun en sjálfur yfir dómsforseti ríkisins.

Í nágrannalöndunum hefir löggjafarvald hvers ríkis fyrir sig ákveðið bæði launaviðbætur og þar að auk ýmsar dýrtíðaruppbætur og á margan hátt reynt að bæta starfsmönnum ríkisins upp verðfall launagjaldeyrinsins.

Þó hefir verðhækkun á vörum þar ekki orðið svo gífurleg sem hjer. Í júlí síðastl. ár var hún:

|                    |   |
|--------------------|---|
| Í Noregi           | talin nema 159 <sup>0</sup> / <sub>0</sub> til allra útgjalda, 180 <sup>0</sup> / <sub>0</sub> á matvælum |
| Í Svíþjóð          | — — 119 <sup>0</sup> / <sub>0</sub> - — — 158 <sup>0</sup> / <sub>0</sub> - —                             |
| Í Danmörku að eins | — — 82 <sup>0</sup> / <sub>0</sub> - — — 87 <sup>0</sup> / <sub>0</sub> - —                               |

Raunar jókst dýrtíðin nokkuð úr því í Svíþjóð að minsta kosti, og var talin þar 1. okt. síðastl. að nema 142<sup>0</sup>/<sub>0</sub>. Eftir verðhækkun þeirri, sem Hagstofan hefir reiknað út að hjer sje orðin á þeim nauðsynjavörum, er hún tilgreinir, má vera óhætt að ætla, að dýrtíðin sje meiri hjer en í Noregi og Svíþjóð, hvað þá heldur í Danmörku. Verðhækkunin var hjer 1. okt. til 31. des. f. á., á þeim matvælum sem til voru, 225<sup>0</sup>/<sub>0</sub>, eins og áður var tekið fram, og þó að hjer sje að eins að ræða um einfalt meðaltal, en ekki »vegið« eins og í Noregi og Svíþjóð, þá má telja víst, að hækkunin sje töluvert meiri hjer en þar, og má fara nærri um hversu afarmikil áhrif verðhækkun á þeim nauðsynjum hefir á verðhækkun allra útgjalda í einu lagi, þar sem um þriðjungur útgjaldanna (32.5<sup>0</sup>/<sub>0</sub>) gengur til matvæla. — En þótt dýrtíðin hafi ekki orðið eins mikil í þessum löndum og hún hefir orðið hjer, hafa embættismenn í Noregi og Svíþjóð fengið miklu betri dýrtíðarbætur en vjer hjer, og það ofan á miklu hærri laun en hjer tíðkast. Með lögum, er stórþingið í Noregi samþykkti 8. júní 1918, var starfsmönnum ríkisins ákveðinn 500 króna dýrtíðaruppbót yfirleitt, en fyrir hvern framfæring ákveðin upphæð að auki, 300 kr. fyrir hinn fyrsta, 200 kr. fyrir hinn næsta og 120 fyrir hvern þar fram yfir. Þó skyldi launauppbótin ekki fara fram úr 60<sup>0</sup>/<sub>0</sub> af launinum, og gjörvöll dýrtíðaruppbótin ekki fram úr 80<sup>0</sup>/<sub>0</sub> af launinum. En sakir vaxandi dýrtíðar gerði fjármálastjórnin 5. des. síðastl., tillögu um að dýrtíðaruppbótin yrði enn aukin fyrir fjárhagstímabilið 1918—1919 og lagði konungur þegar samdæguers samþykki sitt á þær tillögur. Aðaltillagan var sú, að launauppbótin skyldi vera 1300 kr. fyrir alla starfsmenn, sem hafa upp að 3900 kr. í árslau, og <sup>1</sup>/<sub>3</sub> af launum til allra þeirra starfsmanna, er hafa hærri laun; þó fari hún ekki fram úr 2000 kr. Auk þess skyldi öllum veittur hinn ákveðni framfærslustyrkur, svo sem áður var tekið fram. Launabótin skyldi þó ekki fara fram úr 110<sup>0</sup>/<sub>0</sub> af launinum og öll dýrtíðaruppbótin ekki fram úr 150<sup>0</sup>/<sub>0</sub> af launinum. Í Svíþjóð fjekk í fyrra hver embættis- og starfsmaður 365 kr. (1 kr. á dag) sem fasta launabót, en auk þess <sup>1</sup>/<sub>3</sub> launanna í dýrtíðaruppbót, sem þó ekki má fara fram úr 4.50 kr. á dag. Enn fremur fá allir þeir menn þar dýrtíðarstyrk til framfærslu konu og börnum, sem hafa 4000 kr. fóst laun eða minna og fer sá framfærslustyrkur þar eftir launinum, en ekki skyldi dýrtíðaruppbótin öll fara fram úr 2007.50 kr. á ári til hvers eins. En á aukþingi því er kallað var saman síðastliðið haust, bar stjórnin fram frumvarp um, að starfsmönnum ríkisins væri veitt allhá aukadýrtíðaruppbót síðara árshelminginn 1918. Þingnefnd sú, er fjallaði um málið, áleit að tillögu stjórnarinnar færu of skamt, og lagði til að þessari aukadýrtíðaruppbót yrði jafnað niður eftir launakjörum starfsmanna á þann hátt er hjer greinir:

*Dýrtíðaruppbót:* <sup>1</sup>/<sub>3</sub> af missirislauninum, er næmi minst 1.75 kr. og hæst 4.50 kr. á dag; auk þess fengi hver starfsmaður 1 kr. á dag. Uppbótin skyldi minst nema 506 og hæst 1012 kr. Enginn starfsmaður skyldi þó verða aðnjótandi hærri aukadýrtíðaruppbótar en <sup>3</sup>/<sub>4</sub> af missirislauninum.

*Framfærslustyrkur:* Helmingur hins venjulega framfærslueyris, nefnilega fullur styrkur fyrir þennan síðari árshelming. Tekjuhámark það, sem framfærslu-

styrkurinn er bundinn við, taldi nefndin þó rjettast að færa úr 4000 kr. upp í 6000 kr. Auk þess lagði þingnefndin til, að starfsmenn ríkisins fengju greiddan fyrirfram auka-dýrtíðarstyrk árið 1919, þar til þingið 1919 hefði gert nánari ákvarðanir viðvikjandi dýrtíðarmálinu.

Þegar vjer nú komum fram með ákveðnar tillögur um launabætur vegna dýrtíðarinnar, sem nú er á, og að krafist verði uppbótar á verðfalli gjaldeyrisins, þá er það ekki aðeins í samræmi við alment álit manna og tilhöggun á öllu kaupgjaldi nú erlendis og meðal einstaklinga hjer, heldur er það jafnfram í fullu samræmi við skoðanir launamálanefndarinnar frá 9. des. 1914, sbr. áðurnefnda bók hennar, bls. 185—87. Nefndin segir meðal annars: »*Það væri vafalaust rjettast, ef unt væri, að skipa launakjörunum þannig, að þau hjeldust í hendur við lífnadarhættina og dýrleika lífsnauðsynjanna á hverjum tíma*«; og ennfremur: »*Því mun nú varla verða neitað með rökum, að rjettlátast og sanngjarnast væri að búa svo um, að launin gætu jafnan stadið sem mest í föstu ákveðnu hlutfalli við framfærslupörfina*«. Þetta álit þeirrar nefndar kemur algerlega heim við tillögu vora, og þá kröfu, sem vjer teljum að gera beri nú. Á hinn bóginn má og líta svo á, að það sje lítt sæmilegt fyrir ríkið sem vinnuveitanda og launagjaldanda, að launa ekki ætíð eins vel sömu störfun, þ. e. með sama verðgildinu, heldur láta það verða skaða starfsmanna sinna, að gjaldeyrisinn rýrnar í gildi sínu.

Til þess nú að ákveða í hvert sinn hið rjetta verðgildi þess gjaldeyris, er embættismönnum þjóðarinnar eru greidd laun þeirra með, þ. e. peninga í krónutali, álitum vjer að gera þurfi jafnan, með hæfilega löngu millibili, einskonar *verðlagsskrá*, er sýni ljóslega, hversu mikið þurfi þá og þá að krónutali svo að jafnist að sönnu verðgildi við þá launaupphæð, sem í öndverðu var ákveðin, eða samkvæmt því, er að framan var sagt, þeirri er greidd var fyrir stríðið, 1914.

Með tilliti til þessarar tillögu vorrar um launa-uppbót samkvæmt verðlagsskrá, höfum vjer talið oss skylt að athuga hversu slík verðlagsskrá skyldi gerð og hvaða hlutfall slík verðlagsskrá, bygd á vöruverði hjer 1918, sýndi að væri á milli peningagildis fyrir 5 árum síðan og þá. Vjer teljum sjálfsagt að löggjafarvaldið felí jafnan *Hagstofunni* hjer að gera þá verðlagsskrá, er farið verður eftir í hvert sinn, ef þessi tilhöggun kemst á. Meðfylgjandi dæmi með skýringum sýnir hversu nefndin hugsar sjer að gera megi slíka verðlagsskrá og skal því vísað hjer til þess. En hlutfall það, er samkvæmt því má telja að hafi verið á milli peningagildis 1914 og 1918, er sem næst 1 : 2.6, þ. e. 2 kr. 60 aurar gilda ekki meira 1918 til lífsnauðsynja, en 1 kr. gerði fyrir stríðið, og með hliðsjón af verðhækkun sem sannanlega er orðin á fatnaði og húsnæði, mun síst of hátt talið að verðhækkunin sje orðin nú 160%, og samkvæmt því hlutfalli eða líku, leggjum vjer til að öll laun sjeu bætt upp frá síðustu áramótum að telja og fyrst um sinn uns dýrtíðin breytist að mun, svo sem ný verðlagsskrá þá kann að sýna.

Tillaga vor hljóðar þá á þessa leið. Sjá fylgiskjal a við I.

## Fylgiskjal II.

### **Tilraun**

**til þess að gera »verðlagsskrá«, sem leggja mætti til grundvallar um dýrtíðaruppbót starfsmanna landssjóðs. Sbr. fylgiskjal I.**

Í ársriti háskólans 1917—1918 er birt áætlun um árseyðslu til heimilisparfa á embættismannsheimili í Reykjavík, og er sú áætlun lögð til grundvallar fyrir hugleiðingum þeim, sem hjer fara á eftir. Enn fremur hefir verið höfð til hliðsjónar ritgerð eftir N. Rygg: Husholdningsregnskaper for Handelsfunktionærer, útgefin af »Statistisk Centralbyrau«, Kristiania, og önnur ritgerð: »Leveomkostninger og detaljpriser« (Sociale Meddelelser, Kria 1918).

Gjöldum þeim, sem háskólinn áætlar til heimilisparfa, er hjer skift í 5 flokka, og verða þeir svo árið 1914:

|                              |                            |
|------------------------------|----------------------------|
| Til matvæla .....            | 1414,66 kr.                |
| Til eldiviðar og ljósa ..... | 325,00 —                   |
| Til fatnaðar.....            | 515,00 —                   |
| Til húsnæðis .....           | 600,00 —                   |
| Til annara þarfa ... ..      | 1500,40 —                  |
|                              | <u>Samtals 4355,06 kr.</u> |

Í síðasta liðnum er hjer að visu meðtalið: Til ferðalaga, gjafa og tóbaks, samtals 189 kr., og er það hiklaust talið til »þarfa«, því að upphæðin er svo afarlítill, enda mun sá liður síst of hár. Til betra yfirlits skal nú sett hjer, hve mikið af þúsundi hverju sem eytt er kemur í hvern flokk. Það verður á þessa leið:

|                              |                         |
|------------------------------|-------------------------|
| Til matvæla .....            | 325 kr.                 |
| Til eldiviðar og ljósa ..... | 74 —                    |
| Til fatnaðar .....           | 118 —                   |
| Til húsnæðis .....           | 138 —                   |
| Til annara þarfa .....       | 345 —                   |
|                              | <u>Samtals 1000 kr.</u> |

Í ritgerð Ryggs eru búreikningar frá 19 heimilum í ýmsum bæjum í Noregi, og er flokkun gjaldanna þar allmjög mismunandi, eftir tekjum heimilanna og stærð<sup>1)</sup>. Sje þeim skift í flokka eftir árseyðslu, verða útgjalda flokkarnir á þessa leið:

1) Í ritgerð þessari er stærð heimilanna talin í »heimiliseiningum«, þannig að eyðsla á fullorðinn karlmann, meira en 19 ára að aldri, er talin 1, á fullorðna konu, meira en 19 ára, 0,8, á barn 0—3 ára 0,1, á barn 4—6 ára 0,2, á barn 7—9 ára 0,3, á barn 10—12 ára 0,4, á 13—14 ára barn 0,5, 15—16 unglinga 0,6 fyrir stúlkur og 0,7 fyrir drengi, 17—18 ára unglíng 0,7 fyrir stúlkur, en 0,9 fyrir pílta. Með svona talningu yrði »háskólaheimilið« 3,95 heimiliseingar, ef árseyðsla á 15 ára barn er talin 0,65, þegar ekki er tiltekið, hvort það sje drengur eða stúlka. Þennan reikning hefði víst mátt hafa líkan hjer árið 1914. En nú yrði hann sjálfsagt alveg skakkur, vegna hins háa mjólkurverðs.

Flokkun gjalda á heimilum, sem eyða árlega

|                        | yfir 3000 kr. | undir 3000 kr. | yfirleitt   |
|------------------------|---------------|----------------|-------------|
| Til matmæla            | 241           | 311            | 285         |
| Til eldiviðar og ljósa | 37            | 48             | 44          |
| Til fatnaðar           | 129           | 139            | 135         |
| Til húsnæðis           | 135           | 149            | 144         |
| Til annara þarfa       | 458           | 353            | 392         |
|                        | <u>1000</u>   | <u>1000</u>    | <u>1000</u> |

Þessi flokkun sýnir minni útgjöld til matvæla og eldiviðar en háskólinn reiknar, en aftur meiri til »annara þarfa«. En þess ber að geta, að heimilin eru yfirleitt minni. Þau, sem eyða undir 3000 kr. eru til jafnaðar 2,25 heimiliseiningar, þau sem eyða yfir 3000 kr. 3,50 heimiliseiningar, en öll eru heimilin til jafnaðar 2,71 heimiliseiningar. Til samanburðar skal þess getið, að það heimilið, sem líkast er háskólaheimilinu að stærð, hefir eytt til matvæla 1482,46 kr. á 4 heimiliseiningar, en háskólaheimilið 1414,66 kr. á 3,95 heimiliseiningar. Matvælaeyðslan — eða rjettara sagt peningaeyðslan til matvæla — er þar mjög lík. Samkvæmt ritgerð Ryggs er eyðslan á hverja heimiliseiningu til matvæla 91 eyrir á dag að meðaltali. Í Kristianiu einni er hún 106 aurar, en í hinum bæjunum 79 aurar. Samkvæmt reikningi háskólans er hún (árið 1914) 98 aurar.

Sje nú gert ráð fyrir að árseyðslan til heimilisþarfa skiftist eins og háskólareikningurinn sýnir, verður hækkun á 4 fyrstu gjaldaflokkunum frá 1914—1918 — ef gert er ráð fyrir sömu eyðslu bæði árin — eins og hjer segir :

|                              |      |
|------------------------------|------|
| Til matvæla .....            | 165% |
| Til eldiviðar og ljósa ..... | 551% |
| Til fatnaðar .....           | 103% |
| Til húsnæðis .....           | 67%  |

Um fyrstu töluna (165%) er það að segja, að hún er tekin eftir hinni sundurliðuðu skýrslu um matvælaeyðslu háskólaheimilisins, nema hvað slept er síðasta lið hennar (»ýmislegt«) til þess að gera ráð fyrir sömu eyðslu bæði árin. Eyðslan til eldiviðar og ljósa er bæði árin talin eins og háskólaskýrslan telur hana 1914, nema hvað ein tunnæ af steinolíu er sett í staðinn fyrir suðugas. Hinar tvær tölurnar eru teknar beinlínis eftir áætluninni.

Um hækkun á síðasta flokknum verður ekki farið eftir áætlun háskólans, þar sem hún gerir ekki ráð fyrir sömu eyðslu bæði árin. Margt af því smávegis, sem í þeim flokki er talið hefir einmitt hækkað einna mest (sápa og annað til þvotta, rakstur, klipping, böð, skósvarta, ofnsverta, viðhald o. s. frv.). Hinsvegar er ýmislegt í þeim flokki, sem telja má að ekki breytist (t. d. ábyrgðargjöld). Hjer verður nú gert ráð fyrir því, að þriðjungur af gjöldum þessa flokks hafi ekki breytst neitt frá 1914—1918, en hinir tveir þriðjungarnir hafi hækkað eins og hinir flokkarnir að meðaltali. Alls verður þá hækkunin á þessum flokki 58% og verður þá verðlagsbreytingin frá 1914—1918 á þessa leið:

|                             | Árið 1914   | Árið 1918   |
|-----------------------------|-------------|-------------|
| Til matvæla .....           | 325         | 861         |
| Til eldiviðar og ljósa .... | 74          | 482         |
| Til fatnaðar .....          | 118         | 240         |
| Til húsnæðis .....          | 138         | 230         |
| Til annara þarfa ...        | 345         | 638         |
|                             | <u>1000</u> | <u>2451</u> |

Samkvæmt þessu ætti að mega telja hækkun á útgjöldum til heimilisþarfa á þessu tímabili frá 100 til 245,1 eða um 145%. Gjöldin hafa margfaldast með tölunni 2,451. Þessa tölu mætti kalla »verðlagsstuðul 1918«, miðað við árið 1914.

Það breytir eigi þessari niðurstöðu að neinum mun, þó að skift sje nokkuð óðruvísi í gjaldaflokkana. Til þess að sýna þetta er verðbreytingin frá 1914—1918 reiknuð hjer eftir fernskonar gjaldaflokkun:

- Eftir því sem útgjaldaflokkarnir eru hjá þeim, sem eyða yfir 3000 kr. að meðaltali (skv. ritgj. Ryggs).
- Eftir því sem útgjaldaflokkarnir eru hjá þeim, sem eyða undir 3000 kr. að meðaltali (sama ritgerð).
- Eftir því sem útgjaldaflokkarnir eru hjá öllum að meðaltali (sama ritgerð).
- Eftir því sem flokkaskiftingin er samkvæmt reiknaðri áætlun fyrir heimili með ca. 1500 kr. árstekjum (Sociale Meddelelser 1918, I. bls. 22).

|                       | A           |             | B           |             | C           |             | D           |             |
|-----------------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|
|                       | 1914        | 1918        | 1914        | 1918        | 1914        | 1918        | 1914        | 1918        |
| Matvæli .....         | 241         | 639         | 311         | 824         | 285         | 755         | 480         | 1272        |
| Eldiviður og ljós ... | 37          | 241         | 48          | 312         | 44          | 286         | 54          | 352         |
| Fatnaður .....        | 129         | 264         | 139         | 285         | 135         | 277         | 126         | 258         |
| Húsnæði.....          | 135         | 225         | 149         | 249         | 144         | 240         | 156         | 260         |
| Annað.....            | 458         | 847         | 353         | 653         | 392         | 725         | 184         | 340         |
|                       | <u>1000</u> | <u>2216</u> | <u>1000</u> | <u>2323</u> | <u>1000</u> | <u>2283</u> | <u>1000</u> | <u>2482</u> |

Verðlagsstuðullinn breytist frá 2,216 til 2,482, og getur það ekki talist mikið, þar sem hann er svo hár undir. Hjer er auðvitað gert ráð fyrir því, að eyðslan innan hvers útgjaldaflökks sje proportional við það, sem háskólaskýrslan sýnir. Nú er það að vísu sjálfsagt, að fólk reynir að haga sjer þannig eftir dýrtíðinni, að það fái bæði næringu sína og aðrar nauðsynjar fyrir sem lægst verð. En engin tók eru á því að svo stöddu að gera grein fyrir því, hverja niðurfærslu á útgjöldum breyttir lífnaðarhættir fólks kynnu að hafa í för með sjer.

Í »Verðlagsskrá« þá, sem hjer fer á eftir, eru nú teknar einstakar vörutegundir og verðbreytingar á þeim hafðar fyrir sýnishorn um verðbreytingu á þeim vöruflokki, sem þær tilheyra. Þannig er t. d. verðbreyting á hveiti og rúgmjöli höfð sem sýnishorn af verðbreytingu kornvöru, verðbreyting á íslensku smjöri og mjólk höfð til þess að sýna verðbreytingu feitmetis o. s. frv. Öllum útgjöldum er nú skift í 15 jafna hluti, og sýnir »notkunartalan«, hve margir hlutir eigi að koma á hverja gjaldagrein. Þannig eru útgjöld til kornmatar talin 1 fimtándi hluti árseyðslunnar, útgjöld til feitmetis 2 fimtándu hlutar o. s. frv. Um matvæli og eldivið eru notkunartölurnar teknar eftir háskólareikningunum. Samkvæmt

sundurliðuninni á bls. 2 eiga ca. 5 hlutir að koma á matvæli, ca. 1 á eldivið og ljós, ca. 2 á fatnað, ca. 2 á húsnæði og ca. 5 á aðrar þarfir. Að því er kemur til matvæla, eldiviðar og ljósa, þurfa þá notkunartölurnar engra frekari skýringa við.

Um fatnaðinn er það að segja, að verðbreytingar á honum eru taldar stafa nokkurnveginn jafnt af verðbreytingum efnis og vinnu. Er breyting á ullarverði látin sýna verðbreytingu efnisins, en Dagsbrúnartaxti breytingu vinnulauna. Sama er að segja um húsnæðið. Þar er verðbreyting timburs látin sýna verðbreytingu efnis og — eftir bendingu forstjórans í »Völundi« — valin 6" × 1" borð. Þá er kominn 1 hluti á ull, 1 á timbur og 2 á vinnulaun. Þá eru eftir þeir 5 hlutirnir, sem koma á síðasta gjaldaflokkinn. Útgjöldin í þeim flokki eru svo sundurleit, að naumast verða fundnir fáir gjaldaliðir, er sýni breytingar á þeim flokki. Ýmislegt í honum mætti miða við vinnulaun, t. d. hjúakaup og aukahjálp, ef til vill læknishjálp o. fl. Sumt breytist þar alls ekki (ýms fastagjöld, líftrygging o. s. frv.). Í verðlagsskránni er 1 af þessum 5 hlutum settur á vinnulaun, en hinir 4 látnir vera óbreytanlegir. Alls verða þá 3 hlutir á vinnulaunum, en 4 hlutir verða fastatala. Tölurnar í síðasta dálkinum (með yfirskriftinni H) eru nú fundnar með því að margfalda hlutföllin milli verðsins árið 1918 og verðsins árið 1914 með notkunartölunum. Verðlagsstuðullinn fæst þá með því að leggja þær tölur saman og deila með 15 í summuna. Rjett þótti að miða verðlagsskrá þessa við *hauslið* 1918, þar sem gert er ráð fyrir því í tillögum nefndarinnar, að miðað sje við haustverð ár hvert. En þar sem nokkur hækkun hefir orðið á nauðsynjum frá því í apríl 1918 — sem háskólareikningurinn er miðaður við — þangað til um haustið, er eigi nema eðlilegt, að verðlagsstuðullinn verði lítið eitt hærri en sá, sem áður var fundinn (2,57 í stað 2,45). Sumt af þessum liðum mun ef til vill þykja hæpið að nota sem fullgild sýnishorn á verðbreytingum nauðsynja, svo sem t. d. ullina og timbrið í sambandi við vinnulaun, til þess að breytingu á útgjöldum til fatnaðar og húsnæðis, með því að samband verðbreytinga þessara liða við breytingu á þeim útgjaldaflokkum, sem þær eru sýnishorn af, sje ef til vill ekki nógu fast. Líkt mætti segja um eldiviðinn; kol og mór er notaður í mjög mismunandi hlutföllum, og getur það haft nokkur áhrif á verðbreytingu þess gjaldaflokks. Það mætti þá líka stytta verðlagsskrána, og láta hana að eins ná til matvælanna. En þar sem það hefði töluverða hækkun á verðlagsstuðlinum í för með sjer, mætti laga það, með því að láta uppbótina samkvæmt verðlagsskrá ekki ná til allra launanna, en þó til meiri hluta þeirra en þess, sem ætla má að fari til matvælakaupa. Verðlagsskráin yrði þá ekki nema fyrri hluti töflunnar, aftur að tvöfalda strikinu. Meðalvegurinn væri nú að beita þeim verðlagsstuðli, sem sú verðlagsskrá sýnir, á  $\frac{2}{3}$  launaupphæðarinnar ( $\frac{1}{3}$  hennar er gert ráð fyrir að fari til matvælakaupa). Mundi þá öll launaupphæðin margfaldast með tölunni 2,45. (Verðlagsstuðull matvæla er 3,17 og  $\frac{2 \cdot 3,17 + 1}{3} = 2,45$ ). Nær væri ef til vill að taka til  $\frac{3}{4}$  launaupphæðarinnar. Þá myndi hún öll margfaldast með  $2,63 \cdot \left( \frac{3 \cdot 3,17 + 1}{4} = 2,63 \right)$